

57 tögum, fleygja í málmílát, hella steinöflu yfir og brenna til kaldra kola. Í gufu-
15. júní skipum má fleygja skrokkunum í eldinn undir gufukatlinum.

Loks skal rjóða kalkblöndu á lopt, veggi og gólf í öllum lestum, vatns-
hólfum, og forðaklefa.

* * *

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. júlí 1903.

Reykjavík 15. júní 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.

58

19. júní

Reglur

um afnot sóttvarnarhúsa.

Samkvæmt 6. gr. laga 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands eru settar eptirfarandi reglur um afnot sóttvarnarhúsa.

1. grein.

Sóttvarnarhús þau, sem reist eru samkvæmt lögum 6. nóvbr. 1902 um varnir gegn því að næmir sjúkdómar berist til Íslands, skal taka til afnota þá er þörf gerist að sóttkvía sjúka menn af aðkomuskipum, sem sjúkir eru af einhverri erlendri sótt (sbr. 1. gr. nefndra laga), svo og ef einhver erlend sótt kemur á land í grennd við sóttvarnarhúsið.

Þá er aðrir næmir sjúkdómar gera vart við sig á aðkomuskipum eða á landi, má því að eins láta sjúklingana í sóttvarnarhús, að lækni telji ógerlegt að stöðva sjúkdóminn með því að hafa sjúklingana á heimilum sínum eða í almennu sjúkrahúsi (sbr. lög 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóma, 6. gr.).

Sóttvarnarnefnd skal annast um, að sóttvarnarhús með öllum innanstokksmunum sje tafarlaust vandlega sótthreinsað í hvert sinn, þá er afnotum þess er lokið.

2. grein.

Sóttvarnarnefnd skal annast viðhald á sóttvarnarhúsi og sjá um, að til sje í húsinu allur sá útbúnaður, sem með þarf og ekki er unnt að útvega tafalaust þá er húsið er tekið til afnota.

Hverju sóttvarnarhúsi skal fylgja búshlutabók og skal í hana skrá alla lausa muni, sem húsinu fylgja. Í þessa bók skal færa alla þá muni, sem keypt-

ir eru til hússins; þar skal og telja þá muni, sem ónýttast eða glatast á ári hverju. **58**
 Sóttvarnarnefnd skal annast um að sóttvarnarhús og innanstokksmunir í því 19. júní sje tryggt gegn eldsvoða.

3. grein.

Sóttvarnarnefndir skulu semja við þjónustufólk um það að fara í sóttvarnarhúsið tafarlaust, ef það er tekið til afnota, til þess að stunda sjúklingana, annast matreiðslu, þvott og því um líkt.

Ef þess er kostur, skal gera þannig lagaðan samning við æfðar hjúkrunkonur eina eða fleiri eptir því sem þörf krefur.

4. grein.

Í janúarmánudi ár hvert skal sóttvarnarnefnd senda landshöfðingja höf uðreikning með fylgiskjölum yfir allan þann kostað, sem hlotizt hefir af viðhaldi og afnotum sóttvarnarhúss á liðna árinu.

Reikningur þessi skal vera sundurliður, sem hjer segir:

- 1) Vinnulaun.
- 2) Fæði.
- 3) Fatnaður handa sjúklingum.
- 4) Lyf og sáraumbúðir.
- 5) Eldsneyti.
- 6) Ljósmeti.
- 7) Viðhald á húsinu.
- 8) Húsbúnaður og áhöld.
- 9) Greptrunarkostnaður.
- 10) Skattur, afgangur, eldsvoðaábyrgð.
- 11) Ýmisleg útgjöld.

Reikningnum skal og fylgja skrá yfir sjúklinga, sem legið hafa í húsinu, og skal á þeirri skrá tilgreina nöfn, aldur, heimili, komudag og brottfarardag hvers sjúklings, svo og heiti sjúkdómsins.

*

*

*

Reglur þessar ganga í gildi 1. júlí 1903.

Reykjavík, 19. júní 1903.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.